

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

3. ÁRGANGUR 4. TÖLUBLAD

SEPTEMBER 2014

NÝSKÖPUN OG VÖRUPRÓUN
SÍÐAN 1980

Sjávarútvegspjónustan

Ráðstefnur

Nýting loðnu við Ísland í hálföld, 5. september

Quantifying Environmental Impacts in the Salm... 29. sept.

Sjávarútvegsráðstefnan, 20.-21. nóvember

Fiskeldisfréttir vefrit um málefni fiskeldis

Fiskeldisfréttir er vef-tímarit sem fjallar um málefni fiskeldis á Íslandi. Fiskeldisfréttir hafa verið gefnar út allt frá árinu 2012 í núverandi formi. Áður eða árin 2009-2011 voru Fiskeldisfréttir gefnar út sem hluti af Sjávarútvegurinn – vefrit um sjávarútvegsfél.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar eru átta og er auglýsing frá þeim öllum að finna í Fiskeldisfréttum. Þeirra stuðningur gerir það mögulegt að gefa út Fiskeldisfréttir sem kom út sex sinnum á ári. Eftirfarandi fyrirtæki styrkja Fiskeldisfréttir og eru logo þeirra að finna hér til vinstri:

- * Egersund
- * Eldislausnir
- * Fjarðanet
- * GAIA
- * Laxá
- * Ísfell
- * RAF
- * Vaki

Dreifing

Fiskeldisfréttum er dreift með tölvupóst, en



Tveir ungir sumarstarfsmenn að hreinsa netpoka hjá Fiskeldi Austfjarða á Austfjörðum.

tæplega 500 manns hafa fengið þær sendar á tveggja mánaðar fresti. Þessar Fiskeldisfréttir fá rúmlega 1.000 manns sendar. Hægt er að sækja allar útgáfur Fiskeldisfrétta á slóðinni hér að neðan. Ef þú hefur ekki áður fengið sendar Fisk-

eldisfréttir og hefur áhuga að fá þær sendar á tveggja mánaðar fresti sendu þá tölvupóst á valdimar@sjavarutvegur.is

Hefur þú áhuga?

Öllum er heimilt að skrifa í

Frh. á næstu síðu

<http://www.sjavarutvegur.is/teng/Fiskeldisfrettir.htm>

Efnisyfirlit

Fiskeldisfréttir vefrit um málefni fiskeldis	1
Skýrsla Marine harvest um laxeldi	3
Mikil uppbygging hjá Dýrfiski í Tálknafirði	5
INN fjallar um fiskeldi á Vestfjörðum	6
Sjávarútvegsráðstefnan 2014	7
Ráðstefnan Nýting loðnu við Ísland í hálföld	8
Samræmt kerfi við mat á umhverfisáhrifum	10
Quantifying Environmental Impacts in the Salmonid..	11
Landsskipulag	12
Fiskidagurinn mikli á Dalvík	13
Eldisfiskur gæti mettað heiminn	14
Villandi umræða um fljótandi lokaðar einingar.....	15
Skýrsla nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi	17

Fiskeldisfréttir og mun ábyrgðar-
maður sjá um ritstjórn á efni.
Miðað er við að efni hverrar
greinar verði að hámarki ein blað-
síða með myndum. Þegar það á við
verður ávallt vísað á vefslóðir til
frekari upplýsinga eins og gert
hefur verið undanfarin ár.

Stuttar fréttir


Í Fiskeldisfréttum er gefið stutt
yfirlit yfir umfjöllun fiskeldis yfir
tveggja mánaðar tímabil undir
liðnum Stuttar fréttir. Fiskeldi
hefur verið mikið í umfjöllun á
síðustu mánuðum með auknu um-
fangi greinarinnar og hafa því
Stuttar fréttir tekið allnokkuð rými
í síðustu tölublöðum. Gæði fréttar-
flutninga af fiskeldi er ákaflega
misjafn sem stundum lýsir mikilli
fáfræði og skort á faglegum vinnu-
brögðum þeirra sem taka sér penna
í hönd. Í Stuttum fréttum er sagt frá
því helsta sem kemur fram í
greinaskrifunum þó vitað sé að í
sumum tilvikum að þar sé beinlínis
farið með rangt mál. Í næstu Fisk-

eldisfréttum verður reynt að leið-
réttar sumar rangfærslur á faglega
hátt eins og kostur er.

Tilgangur Fiskeldisfrétta

Tilgangurinn með útgáfu
Fiskeldisfrétta er að miðla
fjölbættum upplýsingum
um fiskeldi á Íslandi. Lögð
verður höfuðáhersla á efni
sem ekki er að finna í
almennum fréttamiðlum eða
fær takmarkaða kynningu.
Markmið með Fiskeldisfréttum
er m.a. að:

- Kynna nýjar framkvæmdir/
framleiðslu hjá fiskeldisfyrir-
tækjum og þjónustufyrirtækjum
innan fiskeldis.
- Kynna niðurstöður rannsókna-
og þróunarverkefna innan fisk-
eldis.
- Kynna og vera með útdrátt úr
skýrslum sem fjalla um málefni
fiskeldis.
- Greina frá nýju fræðsluefni og
öðru lesefni um fiskeldi sem er
að finna á veraldarvefnum.



- Kynna fyrirhugaðar ráðstefnur
og aðrar samkomur þar sem
málefni fiskeldis eru á dagskrá
og gera jafnframt grein fyrir því
sem þar fram kom.
- Greina frá breytingum í stjórn-
sýslunni s.s. útgáfu á nýjum
lögum og reglugerðum er
tengjast fiskeldi.
- Gefa yfirlit yfir starfsferil fisk-
eldismanna sem starfað hafa
lengi í greininni.
- Kynna annað efni sem eru til
hagsbóta fyrir þróun íslensks
fiskeldis.

RAF BÝÐUR


FRÁBÆRAR LAUSNIR

TIL HAGRÆÐINGAR FYRIR FISKELDI

SÚREFNISTÆKI

Framleiddu á staðnum þitt eigið súrefni
eftir þínum þörfum

- ✓ Hágæða framleiðsla
og lágmarks bilanatiðni
- ✓ Oxymat er í notkun á 2.500 stöðum
um heim allan, þar af 60 í Færejum
- ✓ 95% hreint súrefni með
lágmarks tilkostnaði
- ✓ Prófað við **erfiðustu** aðstæður
- ✓ Neyðarþjónusta **allan sólarhringinn**



AUKIN
HAGRÆÐING
MEÐ EIGIN
FRAMLEIÐSLU

ÓSONTÆKI

Náttúruleg og öflug hreinsunartækni

Ávinningur:

- ✓ 100% náttúrulegt
- ✓ Búið til úr andrúmsloftinu
- ✓ Mun öflugra en klór
- ✓ Sótthreinsar
- ✓ Eyðir lykt
- ✓ Eykur geymsluþol

ÓSON
HREINSILAUSNIR



LOFTHREINSUN



VATNSHREINSUN



FRÁVEITUR



GEYMSLUÐOL
MATVÆLA



Gæði á heimsvísu

Við bjóðum súrefnistæki frá
Oxymat sem er leiðandi á
heimsvísu þegar kemur að
hreinleika og rekstraröryggi.

Kynntu þér málið
betur á vefnum
okkar www.rafehf.is

RAF ehf.
Óseyri 6, 603 Akureyri
+354 462 6400
raf@rafehf.is
www.rafehf.is

RAF

NÝSKÖPUN OG VÖRUPRÓUN
SÍÐAN 1980

Skýrsla Marine harvest um laxeldi



Árlega gefur stærst eldisfyrirtæki í heimi, Marine harvest út skýrsluna Salmon Farming Industry Handbook. Þar er að finna áhuga-verðar upplýsingar um laxeldi í heiminum m.a. upplýsingar um markaðsmál og framleiðslukostnað.

Umhverfisaðstæður

Kjöraðstæður fyrir laxeldi í sjókvíum er frá 8°C upp í 14°C. Hér er miðað við hagstætt sjávarhitastig m.t.t. vaxtarhraða fisksins. Það þarf ekki endilega að þýða besta hitastig m.t.t. heilbrigðis fisksins og fæðurstuðuls. Af samanburðarlöndum á myndinni til vinstri eru bestu aðstæður í Síle og lakastar í Noregi. Til sammanburðar er sjávarhiti á Íslandi lægstur yfir köldustu mánuðina um 2°C og um 10°C á sumrin. Í Færeyjum sem vantar á myndina er sjávarhiti lægstur um 6°C á veturna og er rúmar 10°C á sumrin.

Framleiðslukostnaður

Kjör aðstæður til eldisins m.t.t. sjávarhita endurspeglar ekki alltaf bestu afkomuna. Á myndinni hér til vinstri er sýnd framlegð (EBIT/kg) eftir löndum eða svæðum og markaðssverð á laxi. Besta afkoman er í Færeyjum þrátt fyrir að aðstæður séu ekki hagstæðastar til laxeldis. Síle þar sem aðstæður eru hagstæðastar m.t.t. sjávarhita er með tiltölulega laka framlegð á síðustu árum.



<http://www.marineharvest.com/globalassets/investors/handbook/handbook-2014.pdf>

Stuttar fréttir—Fiskeldi á Austfjörðum

- **Fiskeldi á Austurlandi færa út kvíarnar.** Tvö fiskeldisfyrirtæki á Austurlandi áforma að stækka við sig svo framleiðugeta þeirra verði um 34 þúsund tonn á ári. Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi vonast eftir sömu áhrifum og á Vestfjörðum en fiskeldi er nú þegar ein af stoðum atvinnulífs á Djúpavogi (mbl.is, 5 ágúst).
- **Fiskeldi færir út kvíarnar.** Fiskeldi Austfjarða sem er með eldi í Berufirði stefnir að stækkun þar og í Fáskrúðsfirði þannig að framleiðslugeta stöðvarinnar verði í heildina 24 þúsund tonn á ári. Laxar fiskeldi hefur leyfi fyrir 6 þúsund tonna eldi í Reyðafirði og stefnir að því að setja út seiði næsta vor. Fyrirtækið hefur hafið undirbúning að stækkun um 10 þúsund tonn. Fyrirtækið er einnig með áform um eldi í Fáskrúðsfirði og Berufirði. Stefnt er að vera með 25 þúsund tonna framleiðslu á Austfjörðum. Sveitastjórnarmenn á Austurlandi binda vonir við jákvæð áhrif vaxandi fiskeldis á samfélagið. Líta þeir gjarnan til suðurhluta Vestfjarða þar sem fiskeldi er grundvöllur umskipta í byggðapróun (Morgunblaðið, 5 ágúst 2014).

Hágæða framleiðslubúnaður fyrir súrefni, óson og köfnunarefni

Framleiddu það á staðnum eftir þínum þörfum!

Engin flutningskostnaður, engin leiga,
engar birgðir, lítill rekstrarkostnaður



Gaia ehf. | Sími: 499-0790 | www.gaia-ehf.is | gaia@gaia-ehf.is



...lausnin liggur í loftinu

Stuttar fréttir - Ýmislegt áhugaverð

- **Frá fiskum til plantna**, blandar saman fiskeldi og vatna-ræktun á sjálfbæran hátt með góðum árangri í Reykholti í Biskupstungum. Þetta form matvælaframleiðslu hefur verið kallað sameldi en með því er hægt að ná fram mikilli sjálfbærni, en vatna-ræktun krefst ekki moldar og er vatnið frá fiskeldinu endurnýtt í mörg skipti. Fisktegundir sem eru notaðar eru gullfiskar og áll en hann þolir hátt hitastig sem er mikill kostur í sameldi (Morgunblaðið 16 júlí).
- Þó að veitingarekstur sé ekki hægt að flokka sem fiskeldi þá getur verið ákveðin tenging þar á milli. Það er vel þekkt erlendis að veitingargestir geti valið á milli lifandi dýra á veitingastöðum. **Fundu sérstöðu í kröbbunum** en hér er átt við Veitingarstaðinn Vitann í Sandgerði. Hráefnið er eins ferskt og völ er á, og krabbinn ásamt skelfiski er geymdur lifandi í sérstökum körum í bakgarði veitingarstaðarins. Um er að ræða grjótakrabba, trjónukrabba, gaddakrabba og bogakrabba sem borinn er fram á krabbamatseðlinum, auk blá-, öðu- og kúfiskeljar, rækju og heils humars (Morgunblaðið 16 júlí).
- Eftirfarandi rannsóknaverkefni eru styrkt af **AVS rannsóknasjóði í sjávarútvegi** (www.avs.is) á árinu 2014:
 - ⇒ Roð- og uggarot í íslensku fiskeldi.
 - ⇒ Kynbætur á laxi, fíta og holdalitum.
 - ⇒ Aukinn árangur af bleikjukynbótum.
 - ⇒ Burðarþolsmat íslenskra fjarða.
 - ⇒ Kynbætur á þorski og seiðaeldi.
 - ⇒ Náttúrulegar varnir fiska gegn veirum og bakteríum.
- **Um ein milljón fiska í kvíum.** Fiskeldi Austfjarða er hluta-félag í eigu feðganna Gísla Guðmundssonar og Guðmunar Gíslasonar sem áður voru eigendur og rekstaraðila bílaumbóðsins B&L. Fyrirtækið er með tuttugu kvíar í sjó (Fiskifréttir, 24 júlí).
- AG Seafood EHF í Sandgerði og **Stolt Sea Fam** á Reykjanesi hafa skrifað undir samning er varðar verktöku við framleiðslu á öllum afurðum Stolt Sea Farm á Reykjanesi. Á Reykjanesi hefur STOLT komið upp fullkomnu eldi á Senegal flúru en áætluð framleiðsla á árinu 2015 er um 500 tonn. Afurðirnar eru seldar ferskar á markaði bæði vestan hafs og austan. Langmesti hluti afurðanna verður fluttur út með flugi og mun framleiðslan hefjast seint á árinu 2014 (www.kvotinn.is, 12 ágúst).



Chelsey M. Landry og Niklas Karbowski með hnúðlaxinn. Mynd: Jón Örn Pálsson.

Stuttar fréttir - Umhverfismálin

- Hnúðlax veiddist í silunganet í innanverðum Fossfirði í Arnarfirði en heimkynni hans eru í Kyrrahafi. Talið er að tegundin hafi borist í Atlantshaf með fiskrækt í norður Rússlandi um miðja síðustu öld. Laxinn veiddu tveir nemar, Niklas Karbowski og Chelsey M. Landry, sem stunda meistaranám í Haf- og strand-svæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. **Netaveiði á silungi er stunduð til að rannsaka göngusilung, ásamt magni og dreifinu á laxalús í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði.** Rannsóknaverkefnið er unnið í samstarfi við Fiskeldisklasa Vestfjarða og norsku rannsóknastofnunina NINA, og er mikilvægur hluti rannsókna vegna umhverfismats fyrir fiskeldi á Vestfjörðum. Fremur óalgennt er að hnúðlax veiðist hér við land. Það gerist þó oft en margan grunar. Þessi veiði á Hnúðlax staðfestir hinsvegar að lax ferðast víða og ekki er ósennilegt að einstaka villtur norskur lax berist í íslenskar ár,“ segir Jón Örn Pálsson þróunarstjóri Fjarðalax, sem aðstoðar nemendur í gagnsöfnun (bb.is, 25 júlí).



Náttúrulegt hágæða fiskafóður



Mikil uppbygging hjá Dýrfiski í Tálknafirði

Fiskeldisfyrirtækið Dýrfiskur vinnur nú að því að þrefalda seiðaeldisstöð sína í Tálknafirði. Með því verður hægt að setja stærri seiði út í sjó og stytta eldistímann þar.

Dýrfiskur er með seiðaeldi, sjókvíaeldi og vinnslu í Tálknafirði, Dýrafirði og Öfundarfirði. Í dag er seiðaeldið í eitt þúsund rúmmetrum í Tálknafirði en það stendur til að breyta því. Sigurður Pétursson, framkvæmdastjóri Dýrfisks, segir að eldisrýmið muni þrefaldast þegar fyrsti áfangi af þremur verður lokið en hann vonast til að það verði í lok árs.

Vonir standa til að hægt verði að auka rými undir seiðaeldi í 9 þúsund rúmmetra, á næstu tveimur til þremur árum. „Heildarmódelið mun í raun breytast. Við getum farið að setja út stærri seiði. Verið með styttri tíma þá í sjó og hámarka það sem okkar land býður upp á. Við



erum í Tálknafirði þar sem er heitt vatn, nóg af vatni. Við erum með kjöraðstæður til að byggja upp góð seiði til að fara í sjó. Við erum að byggja okkar eldisstöð þannig að við getum komið stærri seiðum út í sjó“, segir Sigurður.

Um 70 manns starfa hjá Dýrfiski, þar af 20 í Tálknafirði. Sigurður segir flest störfin skapast í vinnslunni


og það muni ráðast af vinnslustiginu þegar framkvæmdum er lokið hversu mörg störfín sem skapast verði.



<http://www.ruv.is/frett/staekka-seidaeldisstod-i-talknafirdi>

Aukið eftirlit með Biomass Daily

- Heildaryfirsýn yfir hverja kví.
- Mælir daglegan vöxt fisksins.
- Nákvæmar upplýsingar um meðalþyngd, dreifingu og ástandsstuðul (CF).
- Veitir samanburð á milli tímabila.
- Veitir samanburð á milli kvía.
- Sjálfkrafa skýrslur.



INN fjallar um fiskeldi á Vestfjörðum - Vestfjarðarleiðangurinn



Dýrfiskur var fyrstur með lífrænt fiskeldi á Íslandi. Til að sýna fram á heilnæmi eldisins sótti Sigurður Pétursson framkvæmdastjóri Dýrfisks eitt vatnsglas af frárennslisvatni úr eldiskörunum og tók einn lítinn sopa. Ingi Hrafn gerði betur og tók stóran sopa og kláraði úr glasinu. Fyrst birt á INN þann 24. júlí (http://inn.is/Horfa_a_thaetti/Hrafnathing/?play=101725449).



Allt sem snýst getur stoppað er haft eftir Magnúsi Guðmundssyni frumkvöðli í íslensku fiskeldi. Eflaust hafa sumir fiskeldismenn fengið að sannreyna þessa kenningu. Hér er INN í heimsókn í vinnslustöð Tungusilungs á Tálknafirði. Ingi Hrafn ræðir við Magnús Guðmundsson og dóttir hans Freyju Magnúsdóttir. Tungusilungur reykir m.a. silung og flytur á erlenda markaði. Fyrst birt á INN þann 24. júlí (http://inn.is/Horfa_a_thaetti/Hrafnathing/?play=101725449).

INN, Íslands nýjasta nýtt hefur farið um Vestfirði og afrakstur ferðarinnar er fjöldi þátta um mannlíf og atvinnulíf.

Íslenskt efni á INN

Á sama tíma og efni í ríkisfjölmiðils er að stærstum hluta erlent efni þá er allt það sem varpað er á sjónvarpsjár landsmanna hjá INN íslenskt efni. Sama er hægt að segja um N4 sem er með mikið af áhugaverðu efni aðallega frá Norðurlandi og Austurlandi.

Fiskeldi á INN

Í nokkrum þessara þátta er fjallað um fiskeldi á Vestfjörðum og heimsótt eldisfyrirtækin; Arnalax, Dýrfiskur, Fjarðalax, Hraðfrystihúsið Gunnvör og Tungusilungur.

INN heimsótti bæði seiðaeldi og sjókvíaeldi Dýrfisks og ræddi m.a. Við Sigurð Pétursson framkvæmdastjóra.

Hjá Fjarðalaxi var Jón Örn Pálsson heimsóttur þar sem hann vann við lúsarannsóknir.

INN heimsótti sjókvíaeldi Arnalax og ræddi við Víking Gunnarsson, framkvæmdastjóra og Kristján Matthíasson einn af eigendum fyrirtækisins.

Magnús Guðmundsson og Freyja Magnúsdóttir hjá Tungusilungi voru heimsótt í vinnslu fyrirtækisins.

Rætt var við Einar Val Kristjánsson framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar um sjávarútveg og fiskeldi.



Ásmundur Harðarson vinnur við það í verktöku að hreinsa netpoka í sjókvíum Dýrfisks í Dýrafirði. Fyrst birt á INN þann 17. júlí (http://inn.is/Horfa_a_thaetti/Hrafnathing/?play=101096271).



Jón Örn Pálsson, þróunarstjóri hjá Fjarðalaxi í lúsarannsóknnum með einum mastersnema í strandsvæðastjórnun við Háskólasett Vestfjarða. Fyrst birt á INN þann 22. júlí (http://inn.is/Horfa_a_thaetti/Hrafnathing/?play=101522616).



Víkingur Gunnarsson framkvæmdastjóri Arnalax í Arnafirði í viðtali við Inga Hrafn. Myndin er tekin við kvíar hjá Arnalaxi. Fyrst birt á INN þann 24. júlí (http://inn.is/Horfa_a_thaetti/Hrafnathing/?play=101725449).

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

• Þvottastöð
• Fiskeldispokar
• Kastnætur
• Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐANET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Sjávarútvegsráðstefnan 2014

Næsta Sjávarútvegsráðstefna verður haldin á Grand Hótel Reykjavík dagana 20.-21. nóvember 2014. Hér er um að ræða fimmtu ráðstefnu vettvangsins.

Tíu málstofur

Að þessu sinni eru málstofurnar tíu talsins og tekin eru fyrir margvíslegu málefni. Heiti málstofa á Sjávarútvegsráðstefnunni 2014 eru eftirfarandi:

- Íslenskur sjávarútvegur
- Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?
- Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi?
- Sjávarútvegur og menntun
- Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?
- Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi
- Uppsýðingarskipur – Þögla byltíngin
- Vinnsla í landi eða vinnsla á sjó?
- Nýsköpun í kæli- og frystitækni
- Markaðir til framtíðar



Áhugavert fyrir fiskeldi

Á ráðstefnunni verða haldin um 45 erindi í 10 málstofum. Engin málstofa er tileinkað fiskeldi sérstaklega að þessu sinni. Málstofur sem nýtast fiskeldi og vinnslu eldisafurða eru t.d.: Markaðir til framtíðar og Nýsköpun í kæli- og frystitækni. Uppsýðingarskipur eru stærsti hluti hráefnis í fiskafóður og málstofan Uppsýðingarskipur - Þögla byltíngin er því áhugaverð fyrir fiskeldismenn. Þar er hlutfall háefnis sem fer til manneldisvinnslu stöðugt að aukast sem setur aukinn þrýsting á hráefnisverð til fiskeldis.

<http://www.sjavarutvegsradstefnan.is/>

Stuttar fréttir

- Í Bændablaðinu er fjallað um Fjallableikju í greininni **Vætutíð er okkur hagkvæm**. „Vatnið sem kemur úr hliðunum hér fyrir ofan er gríðarlega mikið í rigningartíð eins og í ár og því engin ástæða til að endurnýta það. Vætutíð eins og núna er okkur mjög hagkvæm. Við viljum samt skoða þann möguleika að geta endurnýtt vatnið og geta gert það gerist þess þörf.“ (<https://www.bbl.is/folk/vaetutid-er-okkur-hagkvaem/1416/>)
- **Setja markið á tvöfalda veltu.** Hér er um að ræða Vaka en þar eru tvær vörur í lykilhlutverki, annars vegar teljari og hins vegar stærðarmælir sem vaktar og reiknar út þyngd fiska í eldiskvíum. Að undanfögnu hefur verið mikill uppgangur hjá Vaka. Þetta er 28 ára gamalt tæknifyrirtæki með á fjórða tug starfsmanna á Íslandi auk fimmtán sem starfa hjá dótturfélögum þess í Síle og Noregi (Morgunblaðið, 21 ág.).



Egersund Group
Fishing - Aquaculture - Trade

Egersund Net AS

Svanavågen N-4370 Egersund
Tel: (+47) 51 46 29 60
Fax: (+47) 51 46 29 61
post@egersund-net.no
www.egersundgroup.no

Netting | Nets | Anti-bird nets
Mooring equipment | Washing machines



Stuttar fréttir - Íslandsbleikja

- Íslandsbleikja í Grindavík vinnur um **2.200 tonn af bleikju á ári**. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Samherja sem er með umfangsmikið bleikju- og laxeldi víða á landinu. Fiskeldi skilar Samherja um tveimur og hálfum milljarði króna í veltu á ársgrundvelli sem er þó ekki nema um 3% af heildarveltu samstæðunnar. Um 70 manns vinna við fiskeldi hjá Samherjafyrirtækjunum allt árið um kring. Fiskeldi er gríðarlega fjárfrek atvinnugrein, framleiðslutíminn er líka langur en tvö ár tekur að ala bleikjuna upp í sláturstærð. Íslandsbleikja væri ekki á þeim stað sem hún er í dag ef Samherji væri ekki bak-hjarlinn. Talsvert mikið tap var framan af í fiskeldi Samherja en viðsnúningur varð upp úr 2009. Undanfarið hafa breyttar áherslur verið að skila sér og hefur reksturinn verið að skila ágætri afkomu. Við erum í stakk búnir til þess að vaxa. Við réttar aðstæður munum við taka skrefið og útvíkka starfsemina segir framkvæmdastjóri Íslandsbleikju (fiskifrettir.is, 22. ágúst og Fiskifréttir 21 ágúst).
- Breyting á eldi Íslandsbleikju ehf. í Grindavík. **Stækkun á eldisrými** og framleiðsluaukning úr 1.600 tonnum á ári í 3.000 tonn. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun á eldisrými Íslandsbleikju ehf. og aukning á framleiðslumagni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum (Skipulagsstofnun.is, 17 júlí).

Ráðstefnan Nýting loðnu við Ísland í hálfa öld

Í tilefni þess að hálfa öld er liðin frá því að íslendingar hófu hagnýtingu á loðnu verður haldin ráðstefna við Háskólann á Akureyri föstudaginn 5. september 2014.

Markmiðið með ráðstefnunni er að ná heildstæðu yfirliti um nýtingu á loðnu og sýna hvað hefur áunnist á fimmtíu árum. Farið verður yfir stöðu stofnsins, þróun iðnaðar, helstu afurðir og markaði, efnahagslegt mikilvægi loðnu og möguleg sóknarfæri.

Sérstök áhersla verður lögð á tækniþróun í veiðum og vinnslu, bætt meðferð afla og aukna umhverfisvitund. Segja má að nýting loðnustofnsins þessi fimmtíu ár ætti að gefi fiskveiðistjórn íslendinga góð meðmæli þar sem stofninn er enn sjálfbær þrátt fyrir að búið sé að veiða 32 milljónir tonna á þessu tímabili.


Nánari upplýsingar veitir; Hörður Sævaldsson, hordurs@unak.is Skráning á www.rha.is



Eldislausnir

Eldislausnir

eru með lausnirnar fyrir þig



Dæluviðgerðir Dælustýringar
Fóðurstýringar Loftarar
Pípulagnir Rafmagn
Súrefniskútar Súrefnisstýringar

Eldislausnir ehf - S: 895-3556 824-3410 612-5552 www.eldi.is

Nýting loðnu við Ísland í hálfa öld

Ráðstefna föstudaginn 5. september 2014 - Háskólanum Akureyri

Kl. 09:30 - 10:00	Skráning og kaffi	
Kl. 10:00 - 10:10	Setning	Eyjólfur Guðmundsson Rektor HA
Kl. 10:10 - 10:30	Loðna; líffræði, heimkynni og alheimsveiðar	Hreiðar Þór Valtýsson, HA
Kl. 10:30 - 10:50	Stofnstærð, útbreiðsla og ástand loðnustofnsins	Sveinn Sveinbjörnsson, Hafró
Kl. 10:50 - 11:10	Göngumynstur loðnu við Ísland	Anna Heiða Ólafsdóttir, Havstovan
Kl. 11:10 - 11:30	Ástand sjávar við Ísland - Horft til framtíðar	Steingrímur Jónsson, HA/Hafró
Kl. 11:30 - 11:50	Spurningar og umræður	
Kl. 11:50 - 13:00	Matarhlé	
Kl. 13:00 - 13:20	Þróun iðnaðar í hálfa öld	Hörður Sævaldsson, HA
Kl. 13:20 - 13:40	Virðisbætur og helstu afurðamarkaðir	Ögmundur Knútsson, HA
Kl. 13:40 - 14:00	Samantekt um þróun í búnað skipa og veiðarfæra	Bjarna Bjarnason, Skipstjóri
Kl. 14:00 - 14:20	Tækniþróun í fiskimjölsiðnaði	Sigurjón Arason, HA/Matís
Kl. 14:20 - 14:50	Spurningar og umræður	
Kl. 14:50 - 15:20	Kaffihlé	
Kl. 15:20 - 15:40	Sjálfvirkni við frystingu loðnuafurða	Sindri Sigurðsson, SVN Ingólfur Árnason, Skaginn
Kl. 15:40 - 16:00	Loðnuveiðar og fiskeldi	Gunnar Kristjánsson, Laxá
Kl. 16:00 - 16:20	Efnahagslegt mikilvægi loðnuveiða	Stefán B. Gunnlaugsson, HA
Kl. 16:20 - 16:40	Manneldisvinnsla á fiskmjöli og lýsi	Snorri Hreggviðsson, Margildi
Kl. 16:40 - 17:00	Spurningar og umræður	
Kl. 17:00 - 18:30	Ráðstefnuslit og veitingar	
Kl. 20:00 -	Ráðstefnukvöldverður á Rub 23*	

Skráning á ráðstefnu: rha.is

Verð

Ráðstefnugjald: 7.000 ISK / Hádegisverður, kaffi og veitingar í lok ráðstefnu er innifalinn í ráðstefnugjaldi
Ráðstefnukvöldverður á Rub 23 er **ekki innifalinn** í ráðstefnugjaldi, þanta þarf við bókun.

Samgöngur og gisting föstudaginn 5. September 2014

Lending flug REY-AEY: 08:15 / 09:15 og Brottför flug AEY-REY: 16:40 / 18:10 / 19:55 / 20:40

Mikilvægt er að þanta hótélherbergi sem allra fyrst [Gisting á Akureyri](#)

Styrktaraðilar



FÉLAG ÍSLENSKRA
FISKMJÖLSFRAMLEIÐENDA

Samræmt kerfi við mat á umhverfisáhrifum og sjálfbærni í virðisbætur fiskeldisafurða

OPINN FUNDUR MEÐ HAGSMUNAAÐILUM Í FISKELDI verður haldinn á vegum Rannsóknarhóps í hagnýtum vöruferlum við Háskóla Íslands og EFLU verkfræðistofu á Radisson Blu Saga Hotel Reykjavík, þann 29. september kl. 12:00-17:00 (sjá nánar í dagskrá). Kynntar verða niðurstöður prófana á SENSE hugbúnaði til að meta umhverfisáhrif og notagildi hans fyrir fiskeldisafurðir. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

Vinsamlega tilkynnið skráningu til eftirfarandi:

Guðrún Ólafsdóttir, Háskóli Íslands, netfang: go@hi.is eða

Eva Yngvadóttir, EFLA verkfræðistofa, netfang: eva.yngvadottir@efla.is

SENSE VERKEFNIÐ “HARMONISED ENVIRONMENTAL SUSTAINABILITY IN THE EUROPEAN FOOD AND DRINK CHAIN” er styrkt af Evrópusambandinu á tímabilinu 2012-2015. Í verkefninu taka þátt 23 fyrirtæki, stofnanir og samtök frá samtals 13 löndum. Markmið verkefnisins er að þróa samræmt kerfi við mat á umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu, sem þar að auki tekur tillit til félagslegra þátta. Rannsóknarhópur í hagnýtum vöruferlum við Háskóla Íslands og EFLA verkfræðistofa hafa tekið þátt í þróun SENSE hugbúnaðarins og sannprófun á honum fyrir fiskeldi ásamt Fjarðalaxi.

SENSE HUGBÚNAÐUR TIL AÐ META UMHVERFISÁHRIF

Í kjölfar vinnu við SENSE verkefnið hefur verið þróaður hugbúnaður til að auðvelda fyrirtækjum að framkvæma sjálf mat á umhverfisáhrifum fyrir matar og drykkjarvörur þar sem lögð er til grundvallar aðferðafræði vistferilgreininga (e. Life Cycle Assessment (LCA)).

SENSE kerfið inniheldur gagnasöfnunarkerfi sem nýtir samræmda frammistöðuvísir fyrir umhverfisáhrif (e. Key Environmental Performance Indicators (KEPIs)) fyrir matvælaframleiðslu frá frumframleiðslu til markaðar. KEPIs eru gögn um notkun auðlinda (t.d. orka og vatn) og aðfanga (t.d. fóður) ásamt gögnum um úrgang og losun í vatn eða loft. SENSE hugbúnaðurinn heldur utan um gögn um ársframleiðslu og reiknar umhverfisáhrif fyrir hvert framleiðslustig vörunnar. Niðurstöðurnar eru settar fram á stöðluðu formi (e. Environmental Identification Document (EID)).

HVERNIG NÝTIST SENSE HUGBÚNAÐURINN FYRIR FISKELDI?

Erlendir kaupendur afurða og ýmsir framleiðslu-, umhverfis- og gæðastaðlar gera í sífellu auknar kröfur um að fyrirtæki hafi haldbær gögn um frammistöðu sína í umhverfismálum og um samfélagslega ábyrgð. Kröfur yfirvalda um skil á grænu bókhaldi hafa orðið til þess að til staðar eru upplýsingar um notkun auðlinda, svo sem orku, fóðurs og vatns í fiskeldi. Þau gögn nýtast til að framkvæma útreikninga á umhverfisáhrifum eins og kolefnisspori með SENSE hugbúnaðinum.

Nokkrum fiskeldisfyrirtækjum hefur nú verið boðið að prófa hugbúnaðinn fyrir þeirra framleiðsluvörur og meta notagildið. Einkum er fyrirsjáanlegt að fyrirtæki vilji geta gefið upp kolefnisspor framleiðsluvörunnar og nýta við markaðssetningu hennar. Jafnframt er tækifæri til að bera frammistöðu fyrirtækisins saman við önnur fyrirtæki (e. benchmarking). Þannig geta hagsmunaaðilar í virðisbætur fiskeldis haft greiðan aðgang að því að meta umhverfisáhrif og miðlað þeim til viðskiptavina sinna.

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SENSE VERKEFNIÐ: www.senseproject.eu go@hi.is

Quantifying Environmental Impacts in the Salmonid Aquaculture Sector

Workshop Agenda		
Monday 29 th September 2014		
Venue: Radisson Blu Saga Hotel, Hagatorg, 107 Reykjavík		
Chairs: Sigurður Bogason, Applied Supply Chain Systems Research Group, University of Iceland and Alistair Lane, European Aquaculture Society		
12.00 – 13.00	A welcome lunch buffet	
13.00 – 13.05	Opening	Guðbergur Rúnarsson, Iceland Aquaculture Association IAA
13.05 – 13.15	Overview of the SENSE initiative and the expected outcomes of the workshop	Begoña Perez Villareal, AZTI
13.15 – 14.00	An overview of the environmental issues that companies in the sector are facing. • "Demonstrating environmental credentials: a company perspective" • Discussion with participants to identify and prioritise the relevant issues	Catarina Martins, Group Manager Environment & Sustainability - Marine Harvest ASA
14.00 – 15.00	KEPIs and the SENSE tool • Selection of Key Environmental Performance Indicators for food supply chains as input data to the SENSE tool • Demonstration of the SENSE tool	Birgit Landquist, SIK Saioa Ramos, AZTI
15.00 – 15.30	Coffee break	
15.30 – 16.00	Feedback on data and benchmarking of companies that have tested the tool. • Presentation of the pooled information from initial testing • Feedback from the testing companies	Guðrún Ólafsdóttir, Applied Supply Chain Systems Research Group, UoI
16.00 – 16.30	Discussion on the importance, potential and challenges to the uptake of the SENSE tool. • SENSE partners' views on the uptake and use • Discussion on how SENSE could fit within other monitoring tools/standards • How to position SENSE in the Product Environmental Footprint initiative ? • Feedback on uptake and use (other issues that will affect the SENSE expectations)	Discussion moderated by the workshop chairs
16.30 – 16.45	Recommendations to the European Commission • Application of the SENSE tool for environmental assessment in the salmonid aquaculture food supply chain	Alistair Lane, EAS European Aquaculture Society
16.45 – 17.00	Closing comments	Sigurður Bogason, Applied Supply Chain Research Group, UoI

Landsskipulag

Um landsskipulagsstefnu

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Hún felur almennt ekki í sér fyrir-mæli um nákvæma útfærslu land-notkunar nema að um hana sé fjallað í fyrirbyggjandi áætlunum opinberra aðila.


Tvær skýrslur

Í tengslum við verkefnið er nýlega búið að gefa út tvær skýrslur. Skipulagsstofnun hefur tekið saman skýrsluna „Skipulagsmál á Íslandi 2014 - Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir“. Í henni eru settar fram helstu forsendur Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þ.e. greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu ásamt yfirliti yfir stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða skipulag landnotkunar og byggðaþróun. Auk þess að vera lögð til grundvallar við gerð landsskipulagsstefnu er skýrslunni ætlað að nýtast sveitarfélögum við gerð aðal- og svæðisskipulags.

Skipulagsstofnun hefur einnig tekið saman skýrsluna „Landsskipulagsstefna 2015-2026 – Greining valkosta og umhverfisáhrifa“. Skýrslan er liður í vinnuferli við mótun Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og er jafnframt unnin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana. Tilgangurinn er að greina og bera saman mögulega valkosti fyrir einstök viðfangsefni landsskipulagsstefnu. Skilgreining valkosta og umhverfismat þeirra var unnið af fagópum Skipulagsstofnunar og í skýrslunni eru dregnar saman helstu niðurstöður úr þeirri vinnu.

Fiskeldi

Í skýrslu Skipulagsstofnunar




Yfirlit yfir staðsetningu fiskeldisstöðva um landið. Á bak við hvern punkt á kortinu geta verið fleiri en eitt svæði, þ.e. rekstrarleyfi/starfsleyfi fiskeldisstöðva geta náð yfir fleiri en eitt svæði sem heimilt er að nýta undir fiskeldi. Á kortinu eru ekki sýnt kræklingaeldi en um 10 fyrirtæki stunda kræklingaeldi.

„Skipulagsmál á Íslandi 2014 - Lykilmælikvarðar og fyrirbyggjandi áætlanir“ er að finna stuttan kafla um fiskeldi. Þar kemur m.a. fram:

- Fiskeldi hefur verið í örur vexti undanfarið, en á sama tíma er umgjörð um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum enn í mótun.
- Sveitarfélög fara með skipulagsgerð á strandsvæðum innan marka sveitarfélaga, þ.e. út að 115 metrum út frá stórstraumsfjöru. Unnið er að undirbúningi lagasetningar um skipulagsmál haf- og strandsvæða þar sem

tekið verður á stjórnsýslu skipulagsmála utan þess svæðis. Sjókvíar eru almennt staðsettar utan við 115 metra frá strönd.

Í annarri skýrslu Skipulagsstofnunar Landsskipulagsstefna 2015-2026 – Greining valkosta og umhverfisáhrifa er m.a. tekið fyrir valkostir við nýtingu haf- og strandssvæða og jafnframt umhverfismat valkosta. Skýrslurnar og margt fleira áhugavert er hægt að sækja á vefsíðu verkefnisins (www.landsskipulag.is/).





Árlega er haldinn Fiskidagurinn mikli á Dalvík. Síðast var hann haldinn laugadaginn 9 ágúst og var fjölmennt.

Samherji styður Fiskidaginn mikla m.a. með að útvega eldisbleikju sem dreift er frítt til allra þeirra sem vilja smakka. Einnig var Samherji með glæsilega myndasýningu og þar voru m.a. myndir frá Íslandsbleikju.



Fiskeldi – Íslandsbleikja, Vatnsleysu



SAMHERJI

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014

KALLAÐ ER EFTIR
HUGMYNDUM
SEM EFLA
ÍSLENSKAN
SJÁVARÚTVEG
OG TENGDAR
ATVINNUGREINAR



Markmið samkeppninnar er að finna framsækna og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:



Svifaldan, verðlaunagripur Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við

Verðlaunaféð er kr. 500.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 20.-21. nóvember á Grand hóteli.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afrakstur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

Hugmyndin þarf að vera framúrstefnuleg

Hugmyndin þarf að vera raunhæf

Frestur til að skila inn framúrstefnuhugmynd er 15. október 2014. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014



Myndasýning Samherja á Fiskideginum mikla. Þar inn af var sýningarsalur sem Erlendur Bogason, kafari sýndi áhugaverðar neðansjávarmyndir en þær er hægt að sækja á slóðinni: <https://www.youtube.com/user/ErlendurBogason>

Stuttar fréttir - Slysasleppingar


- **Hætta á að norskur eldislax sleppi.** Landssamband veiðifélaga telur að hætta aukist á því að norskur eldislax sleppi úr sjókvíum hér og ryðji burt villta íslenska laxastofninum, ef sjávarútvegsráðherra breytir ferli leyfisveitinga til fiskeldis. Forstjóri Veiðimálastofnunar tekur undir þessi varnaðarorð (ruv.is, 11 júlí).
- **Eldislax gæti stefnt þeim íslenska í hættu.** Greining Veiðimálastofnunar á uppruna tuttugu og eins lax sem veiddur var í Kleifaá í Patreksfirði í júlí leiddi í ljós að þeir voru allir af norskum kyni. Yfirgnæfandi líkur eru á að þarna séu komnir nokkrir af þeim 200 löxum sem sluppu úr eldiskví í vetur. Greining á stærð kynkirtla laxanna leiddi í ljós að að minnsta kosti nokkrir þeirra stefndu á hrygningu í haust, sem talsmenn laxeldis höfðu talið ólíklegt. „Það var gjarnan að menn töldu að fiskar sleppa ekki úr eldi, en það gerist, þá sögðu menn þeir ganga ekki upp í ár, það gerist líka. Þeir hrygna, þeir eru að vaxa hraðar en náttúrulegu fiskarnir og þeir eru að hafa erfðafræðileg áhrif. Það er alla vega það sem er að koma fram, en hversu mikið fer eftir umfanginu og stærð stofnanna“ (ruv.is, 14 júlí).
- **Eldisfiskur veiðist í ósi við Patreksfjörð,** fiskur sem að öllum líkindum slapp úr eldiskvíum Fjarðalax á Patreksfirði. Fiskurinn veiddist í Ósabotni í botni fjarðarinnar og laxveiðimenn segja að þetta sanni að eldisfiskur lifi af í hafinu. Í nóvember 2013 sluppu 200 laxar frá Fjarðalaxi (Fréttablaðið, 15 júlí).
- Slysasleppingar vekja athygli skopteignara Morgunblaðsins. Þar birtist mynd af veiðimanni undir fyrirsögninni; **Nú má renna fyrir sloppnum eldislaxi í ósum** (Morgunblaðið, 19 júlí).
- Sjá einnig síðdegisútvarpið, viðtal við formann Verndarsjóðs villtra laxastofna (<http://www.ruv.is/sarpurinn/siddegisutvarpid/14082014>). Sjá einnig svar fiskeldismanna í síðdegisútvarpinu: (<http://www.ruv.is/sarpurinn/siddegisutvarpid/18082014>).
- **Vilja óháða rannsókn á fiskeldi.** Formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF), hefur sent Sigurði Inga Jóhannessyni, umhverfis- og auðlindaráðherra, bréf þar sem sjóðurinn óskar eftir því að tafarlaust verði gerð óháð rannsókn á því fiskeldi sem nú fer fram á Vestfjörðum. Við leggjum til að án tafar verði farið yfir alla vinnu- og eftirlitsferla í kringum laxeldið, gerð verði PCR (polymerase chain reaction) greining á laxinum í kvíunum til að kanna mögulega veirusýkingu og almennt heilbrigði hans rannsakað til að meta megir alla áhættuþætti þessa laxeldis, m. a. mengandi úrgang og stöðu laxalúsarinnar sem nær að jafnaði hámarki síðsumars, í ágúst og september, og getur verið mikill skaðvaldur í umhverfinu (vb.is, 18. ágúst).
- **Ráðherra krafinn um rannsókn á fiskeldi á Vestfjörðum.** Fiskistofa heimilaði 17 júlí netaveiðar á laxi undir eftirliti í Patreksfirði til að freista þess að ná eldislöxunum sem sluppu úr eldiskvíum Fjarðalax í nóvember. Veiðimálastofnun lét erfðagreina 21 lax sem hafði veiðst og enginn vafi leikur á því að um eldislax úr slysasleppingum er að ræða. Fyrst var gefið upp að 200 eldislaxar hafi sloppið hjá Fjarðarlaxi í Patreksfirði. Fiskistofa fékk síðan þau svör að laxarnir hafi verið allt að 500 talsins, en fleiri geti laxarnir ekki hafa verið að mati Fjarðarlaxmanna (Fréttablaðið 19 ágúst).

Eldisfiskur gæti mettað heiminn

Í leiðara nýjustu útgáfu SOFIA (The State of World Fisheries and Aquaculture) sem er viðamesta rit FAO leggur FAO áherslu á mikilvægi þess að finna leiðir til að mæta hungursneyð í heiminum, án þess að það komi niður á gæðum matvæla eða stuðli að ofnýtingu auðlinda. Horfir er til þeirra möguleika sem liggja í fiskeldi og fram kemur að möguleiki sé á að fiskeldi geti spilað stórt hlutverk í að útrýma hungri, stuðla að bættri heilsu og minnka fátækt í heiminum.

<http://www.fao.org/3/a-i3720e/index.html>

Sú mikla aukning sem hefur verið í fiskeldi á síðustu árum hefur víða skapað atvinnu á svæðum sem hafa einkennst af fátækt og atvinnuleysi en í þróunarlöndum er fiskur oft ríflega helmingur útflutningsverðmæta. Sjá greinina í heild sinni á vef Matis (matis.is) og vefslóð skýrslunnar er að finna hér að neðan.



Villandi umræða um fljótandi lokaðar einingar fyrir laxeldi

Á undanförunum mánuðum og árum hefur oft komið upp í umræðunni að allt laxeldi í sjó eigi að vera í lokuðum fljótandi einingum (LFE). Þessi umræða hefur verið bæði hér á landi og erlendis drifin áfram af sölumönnum eldisbúnaðar og svaðkölluðum umhverfissinum. Það er ekkert nýtt að sölumenn hafa vilja selja búnað sem ekki er lokið við að þróa. Umræðan einkennist í allt of miklum mæli af fáfræði og óskhyggju.

Neikvæð áhrif atvinnurekstrar

Öll mannanna verk hafa neikvæð áhrif á umhverfið og þar með talið eldi laxfiska í sjókvíum. Að sjálf-sögðu eiga allar atvinnugreinar að vinna að því að lágmarka umhverfisáhrif sem hlýst af viðkomandi rekstri. Kröfur hér á landi eiga að vera eins og þær eru mestar í samkeppnislöndum og í þeim tilvikum sem lög eru brotin á það að vera refsivert og fara strax að fara í ákveðið ferli í stjórnsýslunni.

Lokaðar fljótandi einingar

Eitt af því sem kann að geta dregið úr umhverfisáhrifum er að nota LFE í staðinn fyrir hefðbundnar sjókvíar. Margskonar útfærslur geta verið á LFE, s.s. dúklagðar kvíar, kvíar úr trefjaplasi og steypu, skip með eldiskörum. Það skal haft í huga þrátt fyrir áratuga þróunarvinnu er ekki komin örugg og/eða samkeppnishæf lausn. Ef svo væri, þá væri þessi leið orðin almenn. Það skal einnig haft í huga að dæmi eru um að LFE hafa brotnað, fiskur sloppið og einnig eru dæmi um að laxalús hafi fundist á fiskinu. Nokkuð sem þessi eldisaðferð á að koma í veg fyrir og því talinn af mörgum betri en hefðbundið sjókvíaeldi.

Ekkert nýtt

Tilraunir með LFE hafa staðið í að minnsta kosti í um 30 ár. Það var t.d. stórt skip með risastórum eldiskörum sem eldislax var hafður í við strönd Frakklands. Skipið lá við

festar og dælt var sjó í eldiskörin. Þessi rekstur stóð í nokkur ár. Síðan hefur þessi aðferð verið reynd á fleiri stöðum, t.d. við strönd Tyrklands nýlega. Í umræðunni um að nota LFE hefur oftast verið rætt um framleiðslu á seiðum enda er hvert kg af þeim mun verðmætara en matfiskur og meiri líkur á að reksturinn verði arðbær.

Mikið álag

Einn kostur við tré er að það gefur eftir og brotnar því síður í miklum vindi. Sama má seiga um hefðbundnar sjókvíar sem gefa eftir þegar straumar, öldur og vindar eru kröftugir. LFH er að öllu jöfnu stíf eining og mótstaðan mikil. Það þarf því margfalt sterkari festingar og búnaðurinn þarf einnig að vera mun sterkari en hefðbundnar sjókvíar til að standast álagið. Fyrstu um sinn mun því LFE að öllum líkindum aðallega vera innarlega í fjörðum í samkeppni um rými við ferðabjónustu og aðra atvinnustarfsemi.

Skip sem eldiseining

Skip eru það form LFE sem þolir mesta álagið og hafa komið upp ýmsar hugmyndir á síðustu áratugum. Risastór skip er hægt að hafa á úthöfum, staðsetja þau þar sem sjávarhitastig er hagstæðast fyrir fiskinn og sigla síðan farminum til markaðslands og slátra honum þar. Að því loknu sækja síðan seiði og hefja nýjan feril - Einnig eru hugmyndir um að framleiða seiði um borð í skipinu. Það er ekki vitað til að þessi aðferð hafi verið reynd en gera má ráð fyrir ýmsum vandkvæðum eins og óheimilt verði að sigla farminum til markaðslands vegna hugsanlegrar sjúkdómahættu. Þessi aðferð er á hugmyndarstigi eða þróunarstigi eins og aðrar LFE aðferðir.

Áframhaldandi þróun

Að sjálf-sögðu eigum við að halda áfram að þróa LFE. Norðmenn vinna mikið að þróun þessarar aðferðar og úthluta m.a. grænum

leyfum sem hafa það að markmiði að þróa umhverfissvænni aðferðir við eldi laxfiska. Fyrir hefðbundin leyfi þurfa eldisaðilar að greiða háar fjárhæðir en mun minna fyrir græn leyfi.

Samkeppnishæfni

Framleiðslukostnaður á eldisfiski í LFE er hærri en í hefðbundnu sjókvíaeldi. Fyrst í stað mun þessi aðferð almennt vera notuð til að framleiða dýra afurð eins og seiði. Mörg norsk eldisfyrirtæki hafa áhuga að framleiða stórseiði í LFE til að auka afkastagetu eldisins í sjókvíum og eflaust munu nokkur þeirra framleiða matfisk og jafnvel í töluverðu mæli. Ef gera á þá kröfu að allt eldi verði í LFE á Íslandi verður það sama að gilda hjá samkeppnisaðilum annarra landa til að við getum keppt á jafnréttisgrundvelli á alþjóðlegum mörkuðum.

Minni umhverfisáhrif

Kosturinn við LFE í samanburði við landeldi er að umhverfisáhrifin geta verið minni. Allar framkvæmdir með LFE geta verið afturkræfar en það er ekki hægt að segja það sama með landeldi en bygging eldiskara á landi getur stuðlað að verulegu umhverfisraski. LFE er vissulega áhugaverð aðferð fyrir fiskeldi á Íslandi við framleiðslu stórseiða og nýta jarðhita til að auka vaxtarhraða þar sem því er hægt að koma við.

Að lokum

Við innleiðingu LFE eru tvö viðfangsefni þ.e.a.s. að auka öryggi búnaðarins og tryggja samkeppnishæfni. Mikið af þeim búnaði sem verið er að þróa og nota er ekki mjög traustvekjandi, en þar eru hugsanlega undantekningar skip og steypur búnaður. Mikilvægt er að ljúka þróun og prófun búnaðarins og votta að hann þoli álag við tilteknum umhverfisaðstæðum áður en notkun er heimiluð. Það er búið að gera mikið átak í að auka kröfur fyrir hefðbundnar sjókvíar og verulegur árangur náðst m.t.t. slyasleppinga, þó svo eflaust meggi gera betur.

Skýrsla nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi

Þann 2. september 2013 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nefnd til að fjalla um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi. Hlutverk nefndarinnar var í meginatriðum að:

- Leggja mat á hvernig hægt væri að einfalda og hraða veitingu starfs- og rekstrarleyfa með það að markmiði að gera leyfisveitingarferlið skilvirkt án þess að slaka á kröfum um verndun umhverfis.
- Leggja mat á það hvort samhæfa mætti hluta eftirlits með fiskeldi án þess að slaka á kröfum um verndun umhverfis.
- Setja fram tillögur til úrbóta þar sem þess er þörf og gera jafnframt tillögu að breytingu á lögum og reglugerð um fiskeldi.

Skipulag og rannsóknir

Burðabolsmat: Nefndin leggur til að burðabolsmat verði gert í öllum helstu fjörðum á Vestfjörðum og Austfjörðum ásamt Eyjafirði. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfissjóður sjókvíaeldis verði stofnaður og hann greiði stærstan hluta kostnaðarins við slíkt mat en Hafrannsóknastofnun skuli framkvæma matið og annast nauðsynlega umsýslu vegna þess.

Straumlikan: Nefndin leggur til að gert verði straumlikan til að meta nauðsynlega fjarlægð á milli sjókvíaeldisvæða. Lagt er til að byrjað verði á Arnarfirði og Ísafjörddjúpi og síðan teknir fyrir aðrir firðir á Vestfjörðum og Austfjörðum ásamt Eyjafirði. Í þessu sambandi þykir rétt að benda á að það er hagur framleiðenda að láta framkvæma þessar rannsóknir þar sem það getur haft bein áhrif á rekstur sjókvíaeldis.

Strandsvæðaskipulagning: Nefndin leggur til að gert verði strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði, Austfirði og Eyjafjörð þar sem sjókvíaelði er til staðar eða fyrir-

hugað.


Leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum

Tilkynning: Í umhverfis- og auðlindaráðuneyti er nú unnið að gerð frumvarps þar sem m.a. eru lagðar til þær breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum að fiskeldi undir 200 tonna ársframleiðslu sé tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Afgreiðsla Skipulagsstofnunar: Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem varða framkvæmdir á sama framkvæmdasvæði. Lagt er til að Skipulagsstofnun sé ekki skyld að taka til efnislegrar meðferðar tilkynningar eða matsáætlun frá framkvæmdaaðila, um framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, í þeim tilvikum þegar viðkomandi framkvæmd er á sama framkvæmdastað og önnur framkvæmd sem er á sama tíma til efnislegrar málsmeðferðar hjá Skipulagsstofnun, eða ef fyrir liggur ákvörðun eða álit Skipulagsstofnunar um framkvæmd á sama framkvæmdastað. Umrædd ákvæði eiga ekki við ef leyfi fyrir framkvæmd er ekki gefið út innan þriggja ára frá því hún kom til efnislegrar meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

Starfsleyfi: Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um að allt fiskeldi verði háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Rekstrarleyfi: Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi um að Matvælastofnun verði móttökustöð fyrir starfs- og rekstrarleyfi og þau verði afgreidd samtímis innan sex mánaða. Gerðar eru auknar kröfur til umsóknar um rekstrarleyfi sem hafa það að markmiði að ná sem



hagkvæmastri nýtingu sjókvíaeldisvæða.

Merkingar á fiski og slysasleppingar

Merkingar: Í frumvarpinu er lagt til að eingöngu verði miðað við erfðagreiningu lífsýna við rekjanleika á hugsanlegum strokufiskum. Jafnframt er lagt til að ákvæði um ugga-klippingu 10% útsettra seiða í sjókvíar verði felld úr reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi.

Lífsýni: Lagt er til að gerð verði sú breyting á reglugerð um fiskeldi að Matvælastofnun verði falið að varðveita lífsýni í stað Veiðimálastofnunar.

Vöktun stangveiðimanna: Lagt er til að Fiskistofa í samstarfi við Veiðimálastofnun og veiðifélög komi á vöktun á hugsanlegum strokufiskum í laxveiðiám á svæðum með sjókvíaelði. Jafnframt er lagt til að Fiskistofa skilgreini verklag og viðbrögð þegar eldisfiskur sem veiddur hefur verið á stöng um sumarið greinist í laxveiðiám.

Haustveiði: Lagt er til að komið verði á haustveiðum til að vakta hlutfall eldislaxa í laxveiðiám í nágrenni við sjókvíaeldisstöðvar. Lagt er til að Fiskistofa hafi yfirumsjón með haustveiðum og skilgreini hvernig bregðast skal við ef eldisfiskur finnst í laxveiðiám.

Eftirlit

Gæðahandbók: Lagt er til að forsvarsmenn sjókvíaeldisstöðva ljúki innleiðingu gæðahandbókar fyrir lok árs 2014.

Netaveiðar: Lagt er til að ákvæði reglugerðar um fiskeldi um eftirlitsveiðar með laxi við sjókvíar verði felld út úr reglugerðinni.

Lífraent álag undir sjókvíum: Lagt er til að eftirlit með uppsöfnun lífræns úrgangs undir og við eldiskvíar verði fært til samræmis við það sem þekkist erlendis og stuðst við ISO 12878 staðalinn. Lagt er til að unnið verði að innleiðingu staðalsins með setningu reglugerðar. Varðandi heimilað lífrænt álag undir sjókvíum og viðbrögð er lagt til að hafðar verði til viðmiðunar leiðbeiningar frá Noregi og Færeyjum. Lagt er til að þessari vinnu verði lokið fyrir lok ársins 2014.

Eldisbúnaður: Við endurskoðun á reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi er lagt til að gerð verði krafa um upptöku á norska staðlinum NS 9415:2009 eða öðrum sambærilegum alþjóðlegum staðli og þeirri vinnu verði lokið í lok árs 2014. Gerð verði krafa um að allur eldisbúnaður sem fer í sjó á árinu 2015 uppfylli kröfur staðalsins. Úttekt verði gerð á eldri eldisbúnaði á árinu 2014 og gerðar úrbætur í þeim tilvikum sem þess er þörf.

Opinbert eftirlit: Eftirlit með starfleyfisskyldri starfsemi vegna fiskeldis verði á hendi Umhverfisstofnunar sem lagt er til að geri þjónustusamning við Matvælastofnun um afmarkaða þætti eftirlits með fiskeldi fyrir lok árs 2014. Áður en þjónustusamningur er gerður verði skipaður starfshópur með fulltrúum þessara tveggja stofnana ásamt fulltrúum ráðuneyta til að undirbúa breytt skipulag á opinberu eftirlit með fiskeldi.

Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga: Lagt er til að Fiskistofa geri viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga þar sem skilgreint er hvernig eigi að bregðast við þegar slysaslepping á sér stað.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis

Reglugerð: Lagt er til að sett verði ákvæði um rekstur Umhverfissjóðs sjókvíaeldis í reglugerð.

<http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Fiskeldisskyrsla-2014.pdf>

Stuttar fréttir - Lögin og skýrslan

- **Landssamband veiðifélaga gagnrýnir hugmyndir um merkingar eldislax:** Kynni sér breytingar Alþingis. Hér er átt við skýrslu nefndar um leyfisveitingar og eftirlit í fiskeldi. Í skýrslunni er því hafnað og uggaklipping eldislax talin tímafrek og dýr aðgerð sem þjóni takmörkuðum tilgangi (Fréttablaðið, 14 júlí). Þetta ákvæði og fleiri voru ekki í takt við ákvörðun alþingis og er farið yfir þau máli í síðasta kafla skýrslunnar.
- Í árskýrslu Landsambands veiðifélaga frá 2014 kemur fram: „LV gerði verulegar og alvarlegar athugasemdir við framkomu frumvarp sem samið var án aðkomu veiðiréttareigenda, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta verði mikill vöxtur í sjókvíaeldi á laxi af norskum uppruna. Frumvarpið tók verulegum breytingum í meðförum Alþingis þar sem nokkrar af breytingartillögum LV náðu fram að ganga. Eigi að síður er nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á lögum um fiskeldi líkt og kveðið er á um í álit meirihluta atvinnuveganefndar þingsins þegar lögin voru samþykkt” (www.angling.is/Files/Skra_0067629.pdf).

Stuttar fréttir -

- **Fiskeldi á tímamótum** er heiti á opnugrein í DV. Þar er m.a. fjallað um fiskeldisfrumvarpið, eldi í lokuðum kvíum, sögu og stöðu fiskeldis á Íslandi og margt fleira. Ráðuneytið hefur stofnað vinnuhóp sérfræðinga sem vinna að því að innleiða norska umhverfis- og tæknistaðla. Þetta er flókið og viðfangsmikið verkefni segir skrifstofustjóri atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (DV, 29 ágúst og dv.is, 29 ágúst).
- **Umsvif Eðalfisks stórauðist á áratug.** Það starfa nú 3 starfsmenn við fyrirtækið sem hefur sína aðstöðu í Borgarnesi. Vöxturinn hefur verið mestur undanfarin fimm ár og einkum byggist á nokkurs konar verktöku fyrir laxeldisstöðvar. Tekið er við laxinum frá þeim og hann unninn til útflutnings, en síðan seldur utanlands undir merkjum og á vegum viðskiptavinanna. Um 40% af framleiðslu Eðalfisks er fullunnin vara sem seld er innanlands og undir nafni fyrirtækisins. Aðalmarkaðurinn utanlands er Bandaríkin, en þar er við ramman reip að draga vegna mikils framboðs af ódýrari laxi frá Síle (Morgunblaðið, 30 ágúst).



Hólalaxi í Hjaltadal. Í næstu Fiskeldisfréttum verða fleiri myndir sýndar af eldisstöðinni.